

**Ed.**

**588. Breytingartillögur**

**[138. mál]**

við frv. til læknaþingarlaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „til að veita neyðarlækniþjónustu“ komi: til skyndiþjónustu.
2. Við 7. gr. Í stað „8 aðstoðarlækna“ í upphafi greinarinnar komi: 12 aðstoðarlækna.
3. Við 8. gr. Í stað „ónæmisaðgerðir“ í 1. lið komi: lögboðnar ónæmisaðgerðir.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn lækna-deildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknanemum, er hyggja á lækniþjónustu í héraði að námi loknu, fjárframlag úr ríkissjóði. Engum má þó veita slíkt fjárframlag, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs. Forfallist nemi eða hverfi síðar frá áformi sínu um þjónustu í héraði, skal litið á ríkisframlag þetta sem námslán, en vera óafturkræfur styrkur að öðrum kosti. Nánari ákvæði um fjárframlag þetta skal setja í reglugerð.